

EFTIRLITSSKÝRSLA

Thor landeldi ehf. Laxabraut 35, 37, 39 og 41



Dags eftirlits	12.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Thor landeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Laxabraut 35, 37, 39 og 41	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4305221830	Flokkur	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Örn Jakobsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Pórður Þórðarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu: Efni voru að hluta geymd án lekabyttna.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfið tekur til landeldis á laxfiskum að Laxabraut 35, 37, 39 og 41 í Þorlákshöfn. Hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 13.150 tonn.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
 - Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
 - Eftirlitsmælingar og skráningar
 - Áætlanir og viðbrögð
 - Umgengni og aðkoma lóðar
 - Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
 - Fylgiskjöl
- Thor landeldi ehf. er með nýtt starfsleyfi og var þetta fyrsta eftirlitið hjá Umhverfis- og orkustofnun.
 - Áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.
 - Rekstraraðili er með nýtt starfsleyfi sem var gefið út 23. janúar 2025. Farið var yfir nýja starfsleyfið með rekstraraðila. Rekstraraðili var minntur á að skila inn ársyfirliti, útstreymisbókhaldi og umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 fyrir 1. maí nk. Rætt var um vöktunaráætlunina og hvort hægt væri að framkvæma allar mælingarnar sem voru settar þar fram vegna aðstæðna, þar sem mikil straumur er á svæðinu og harður botn fyrstu 150 metra frá frárennslinu.
 - Farið var yfir hvaða mælingar eiga að framkvæma og vöktunaráætlun rædd. Mælingar fyrir árið 2025 verða skoðaðar í næsta eftirliti og útreikningar á fosfór og nitri út frá fóðri.
 - Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar. Trygging vegna bráðamengunar er til staðar og áætlun um meðhöndlun úrgangs.
 - Stöðin lítur vel út að innan. Frárennslíð leit vel út.
 - Efnageymsla er til staðar fyrir hrognaherbergið, en efni voru geymd í öðrum sal án lekabyttna sem er frávik.
 - Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
------------	------------------

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram.

ANNAR

Engin mengunaráhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 13.10.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir